



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 2023
MÍ202303-0102/ 0.01 / G.Ó.

Efni: *Umsögn um þingsályktunartillögu um skráningu menningarminja, 218. mál.*

Minjastofnun Íslands fagnar þessari þingsályktunartillögu og telur mjög brýnt að farið verði í átak í vettvangsskráningu menningarminja á og við landið. Stofnunin vil einnig benda á að undir hugtakið menningarminjar, eins og fram kemur í greinargerð þingsályktunartillögunnar, falla friðuð hús og mannvirki, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Telur stofnunin ríka ástæðu til þess að átak í skráningu menningarminja nái einnig til húsa og mannvirkja.

Minjastofnun telur jafnframt að verkefnið ætti best heima hjá stofnuninni, þ.e. að verkefninu yrði stýrt þaðan en stök skráningarverkefni unnin af fornleifafræðingum, arkitektum og öðrum sérfræðingum á einkamarkaði, eins og gert er í tilfelli skráninga í tengslum við skipulagsáætlanir, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 80/2012. Þá er til staðar hjá stofnuninni mikil reynsla af fornleifaskráningu og húsa- og mannvirkjaskráningu auk þekkingar á því hvaða svæði og hvaða tegundir minja ættu að njóta forgangs m.t.t. náttúruvár, ágangs sjávar, skriðufalla o.þ.h.

Með breytingarlögum nr. 126/2022 var 100 ára reglan afnumin vegna húsa og mannvirkja og miðast aldursfriðun húsa og mannvirkja því við árið 1923 eða fyrr, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 80/2012. Því munu engin hús og mannvirki sem reist eru eftir árið 1923 öðlast sjálfkrafa friðun. Til þess að hægt sé að tryggja að þessum menningarminjum verði skilað til komandi kynslóða, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 80/2012, er mikilvægt að hægt sé að friða, friðlýsa eða vernda með öðrum hætti þverskurð af hinum ýmsu minjum sem tilheyra ákveðnum flokkum menningararfs okkar. Má þar nefna sem dæmi iðnminjar, samgönguminjar, herminjar og fleira. Svo má ekki gleyma mikilvægi á skráningu höfundaverka okkar helstu arkitekta.

Til þess að hægt sé að finna bestu eintök minja sem eru varðveisluverð í hverjum flokk fyrir sig þarf því fyrst og fremst að

Gísli Óskarsson
Lögfræðingur
gisli@minjastofnun.is

hafa yfirsýn yfir það sem við eigum og þá yfirsýn er einungis hægt að fá með vettvangsskráningu.

Fyrir hönd Minjastofnunar Íslands,



Gísli Óskarsson
Sviðsstjóri lögfræðisviðs